

Alþingi  
Erindi nr. P 130/39  
komudagur 21.10.2003

Reykjavík 21 október 2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Landbúnaðarráðherra

**Málefni: Setning laga sem heimila innflutning á lifandi laxfiskum**

Þessa dagana standa yfir umræður um frumvarp til laga sem muni heimila innflutning á lifandi laxfiskum, og virðist hér vera um að ræða enn ein lögin sem þarf að samþykkja að kröfu Evrópusambandsins. Það er skilningur minn að heimild til innflutnings sé nauðsynleg til að tryggja heimildir til útflutnings á lifandi laxfiski og hrognum.

Síst vil ég leggja stein í götu frekari þróunar fiskeldis á Íslandi, en vil benda á að sú þróun má ekki verða á kostnað náttúrlegra fiskstofna á og við Ísland. Ítrekaður innflutningur laxfiska af framandi stofnum eykur þá ógn sem náttúrlegum íslenskum stofnum stendur nú þegar af eldislaxi af framandi uppruna. Sú ógn er bæði vegna erfðablöndunar og ekki síður vegna aukinnar hættu á nýjum sjúkdómum og sníkjudýrum sem frekari innflutningur myndi leiða af sér.

Ég vil benda á að í núverandi lögum um lax- og silungsveiðar eru mjög ströng verndunarákvæði, sem m.a. banna flutning og blöndun laxastofna milli fiskhverfa innanlands og bann við sleppingu kynbættra laxa í náttúrulegt umhverfi. Mér þykir það skjóta skökku við ef nú eigi að fara að opna fyrir möguleika á endurteknum innflutningi á lifandi laxfiskum. Ég vil hvetja stjórnvöld til að nýta sér þá leið sem bent hefur verið á að samhliða því að tilskipun ES um innflutning á lifandi laxfiskum verði innleidd, verði jafnframt sett inn ákvæði í lög um lax- og silungsveiði sem geri slíkan innflutning tæknilega ómögulegan.

Tumi Tómasson  
fiskifræðingur

Tumi Tómasson (Ph.D.)